

Nd.

305. Nefndarálit

um frv. til laga um varnarþing í einkamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Það hefir orðið ofan á í nefndinni að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frv. þetta með einni breytingu, sem tilfærð verður hjer á eftir.

Í nefndinni kom það til orða, að varhugavert gæti verið að breyta hinni afar-gömlu reglu um, að enginn sje skyldur að mæta nema á sínu varnarþingi. En með því að þegar hafa verið teknar í lög all-viðtækar undantekningar frá þessari gömlu reglu, og með því að þær undantekningar, sem ráðgerðar eru í

frv. þessn, þykja eigi viðsjárverðari en þær, sem þegar eru lögleiddar, varð það að samkomulagi í nefndinni, að þetta atriði ætti eigi að valda falli þessa frv., sjerstaklega þar sem nefndin sá, að þótt frv. í fljótu bragði virðist einkum veita sækjanda hlunnindi, er þó langt frá, að stefndi geti eigi einnig notið góðs af reglum frv. Til að rökstyðja þetta þarf eigi annað en benda á, að verði frv. þetta að lögum, sparast mikill kostnaður af ferðum dómara, og er auðsætt, að slíkt getur eins komið stefnda að góðu, þar sem ganga virðist mega út frá, að málskostnaður falli eigi sjaldnar á stefnda en stefnanda. Og ef frv. um málskostnað, sem nú er til meðferðar á Alþingi, verður að lögum, er auðsætt, að dómvenja um upphæð málskostnaðar hlýtur að breytast í þá átt, að ídæmdur málskostnaður hækki til muna. Sá aðilinn, sem dæmdur verður til að greiða málskostnaðinn, hlýtur því tvímælalaust að njóta góðs af breytingu þessari, og hinn aðilinn virðist ekki missa neins í, þar sem ganga verður út frá, að hann fái sinn kostnað endurgoldinn í málskostnaðinum.

Breyting sú, sem nefndin stingur upp á að gerð sje við frv. þetta, er í því fölgín, að mál þau, sem rekin eru samkvæmt lögum þessum utan dómþinghár stefnda, sjeu jafnan rekin sem gestarjettarmál. Þótti nefndinni eigi næg ástæða til að hafa mismunandi málsmeðferð eftir því, hvort báðir aðiljar eru búsettir í sömu dómþinghá eða ekki. Þegar svo er ástatt, að báðir aðiljar eru búsettir í sömu dómþinghá, þykir þó sjálfsagt, að sáttaumleitun fari fram fyrir sáttanefnd, áður en málinu sje stefnt í dóm.

Samkvæmt þessu ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja þetta frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

2. setning fyrri málsgr. 1. gr. frv. orðist svo:

Slík mál má jafnan reka fyrir gestarjetti, en ef málsaðiljar eru báðir búsettir í sömu dómþinghá, skal þó sáttaumleitun fara fram fyrir sáttanefnd á venjulegan hátt.

Alþingi, 4. ágúst 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

Magnús Guðmundsson,
ritari og framsögum.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.

Einar Árnason.